

Reglur um innritun og dvöl barna í leikskólum Mosfellsbæjar

1. gr.

Sótt er um leikskólapláss á Þjónustugátt Mosfellsbæjar og gildir umsóknin fyrir alla leikskóla Mosfellsbæjar þar sem bærinn er eitt leikskólasvæði.

2. gr.

Skilyrði fyrir leikskólapláss er að foreldri og barn eigi lögheimili í Mosfellsbæ en hægt er að sækja um leikskólapláss ef lögheimili er væntanlegt þó úthlutun eigi sér ekki stað fyrr en lögheimili er komið.

3. gr.

Innritun í leikskóla fer fram samkvæmt 4. grein og skiptist í þrjú þrep.

- Fyrsta þrep fer fram í mars og apríl ár hvert og eru þá umsóknir teknar sem borist hafa fyrir 1. mars það ár og aðlögun að öllu jöfnu í ágúst sama ár.
- Annað þrep nær yfir þær umsóknir sem berast eftir 1. mars og eftir að aðalinnritun líkur (fyrsta þrep) og eru þær teknar fyrir frá maí til ágúst.
- Þriðja þrep tekur við fram að næstu aðalinnritun. Innritað er þá eftir því sem pláss losna og samkvæmt 4. grein eins og áður segir.

4. gr.

Innritun í leikskóla fer fram á eftirfarandi hátt:

- Leiksskóladvöl er úthlutað eftir aldursröð innan árgangs, þau elstu fá úthlutað fyrst. Stefnt er að börn sem eru orðin 12 mánaða 1. ágúst ár hvert eiga kost á leiksskóladvöl þegar starfsárið hefst 1. september.
- Börn með fötlun eða alvarleg þroskafrávik eru í forgangi.
- Starfsfólk leikskóla getur sótt um forgang ef umsögn leikskólastjóra liggur fyrir. Láti starfsmaður af störfum áður en komið er að hefðbundinni innritun barns skv. 4. gr. fellur leikskólavist niður.

5. gr.

Hægt er að óska eftir forgangi að leikskólapláss ef barnaverndarsjónarmið mæla með því. Afgreiðsla um forgang að leikskólapláss, umfram 6. gr. eru unnar í samráði við starfsmenn barnaverndarnefndar.

6. gr.

Við upphaf vistunar barns er gerður samningur við foreldra barnsins um vistunartíma. Ekki er hægt að hefja leikskólavist fyrr en samningur er staðfestur.

8. gr.

Almennur uppsagnarfrestur er einn mánuður.

Samþykkt í bæjarstjórn xx.

